



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

GARÐASTRAÐ 11-41 Sími 511 5000
Gardastræti 41 Tel. 554 511 5000 - Fax. 554 511 3050
POSTHOLT 520 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 520 121 Reykjavik Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 122/1858
komudagur 16.4.98

TITIL/NAME
Your title

STÖF/VIRKI
Your letter

TITIL/VOR
Your title

DAGI
Date

HGS/sj

Rvk. 15.4.1998

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, 559. mál, sbr. bréf dags. 31. mars sl.

Frumvarp þetta er lagt fram til lögfestingar breytinga sem um samdist milli Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands þann 17. desember 1997. Sá samningur var gerður í beinu framhaldi af áliti sjömannanefndar dags. 4. nóvember 1997 um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Fulltrúi Vinnuveitendasambandsins stóð að áliti nefndarinnar, enda fól það í sér tillögur um frjálsslegra og nútímalegra rekstrarumhverfi en áður hefur gilt í þessari atvinnugrein, þótt varlega væri af stað farið. Vinnuveitendasambandið gerir því ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem leiða af téðu áliti sjömannanefndar.

Breytingartillögur frumvarpsins snúa einungis að mjólkurframleiðslunni en ekki öðrum búgreinum. Stefnt er að auknu frjálssræði, minnkandi opinberum afskiptum og að rekstrarumhverfið verði líkari því sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Í því ljósi skýtur skökku við ákvæði laganna um heimildir til opinberrar verðlagningar annarra búvara en þeirra sem hefðbundnar teljast. Þessar búvörur hafa ekki lotið opinberri verðlagningu um langt skeið og engin ástæða til að heimila það. Framleiðsla þessara vara lýtur sömu lögmálum og annar matvælaíðnaður og ættu því að búa við sömu skilyrði. Vinnuveitendasambandið telur því að fella beri aðrar búgreinar en hinar hefðbundnu undan búvörulögum þannig að þær lúti almennum leikreglum samkeppnislaga. Ef það þykir ekki gerlegt í þessari umferð beinir Vinnuveitendasambandið því til landbúnaðarnefndar að næst síðasta málsgrein 8. gr. búvörulaga, um heimildir til opinberrar verðlagningar annarra búvara en afurða sauðfjár og nautgripa, verði felld niður.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurdsson, aðstodarframkvæmdastjóri.